# Vinnuverndarstarf á tannlæknastofum

ÖRUGG VERKFRÆÐISTOFA

María Stefánsdóttir
maria@oruggverk.is
20. janúar 2026

# Hver er tilgangur vinnuverndarstarfs?

# Af hverju erum við að þessu?





# Hverjar eru helstu starfstengdu áhættur tannlækna?

# Helstu starfstengdu áhættur

- **Líkamlegt álag og stoðkerfisvandamál**: Langvarandi kyrrseta, óhagstæðar vinnustellingar, endurteknar hreyfingar → verkir í baki, hálsi, öxlum og úlnliðum.
- **Líffræðilegar áhættur**: Smit frá sjúklingum (t.d. blóð- og munnvatnssmit, bakteríur og veirur), sérstaklega í gegnum úða (aerosol).
- **Efna- og efnahætta**: Útsetning fyrir kvikasilfri (amalgame), sótthreinsiefnum, akrýl-, lím- og hreinsiefnum.
- **Geislun**: Jónandi geislun frá röntgentækjum ef verklag og varnir eru ekki fullnægjandi.

# Helstu starfstengdu áhættur – frh.

- Slysahætta: Stunguslys og skurðir frá beittum áhöldum og nálum.
- Hávaði: Langvarandi hávaði frá tannlæknatækjum sem getur haft áhrif á heyrn
- Sálfélagsleg áhætta: Streita, tímaskortur, miklar kröfur, kvíði sjúklinga og kulnun.
- Ofnæmi: Snertiofnæmi, t.d. vegna latexhanska eða efna í vinnuumhverfi.

# Vinnuverndarstarf

- **Áætlun** (út frá áhættumati og áætlun um ÖH)
- **Innleiðing** – Innleiða aðgerðir sem koma fram í áætlun og framfylgja öruggu verklagi.
- **Vöktun** – taka reglulega stöðuna, skrá frávik.
- **Rýni** – Öryggisnefnd og stjórnendur endurmeta þörf fyrir breytingar á áhættumati og áætlun



# Vinnuverndarstarf snýst um

- Að móta heildstæða stefnu um forvarnir á vinnustaðnum
- Að koma í veg fyrir áhættu og gera ráðstafanir vegna áhættu sem ekki er unnt að koma í veg fyrir
- Að ráðast að rótum áhættunnar
- Að skipta á því sem er hættulegt og því sem er hættulaust eða er minna hættulegt
- Að starfsfólk sé upplýst um áhættur í sínu starfi og fái viðeigandi tilsögn
- Stöðugar umbætur

# Öryggisvitund




Hvenær verður það hættulegt?
Hann hefði átt að segja frá þegar hann uppgvötaði
Það byrjaði hérna
Þegar menn skipulögðu verkefnið.
Ábyrgð?
Ósammála – maður gat sko ekki vitað að hann gæti tekið upp á að..

# Vinnuvernd

- Vinnuverndarlögin leggja grundvöll að vinnuverndarstarfi vinnustaða
  - Markmið þeirra:
    - Öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu
    - Að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál
- Kröfur um afurðir sem stuðla að öryggi og heilbrigði:
  - Öryggisnefndir, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir
  - Áætlun um öryggi og heilbrigði
  - Áhættumöt
  - Forvarnaráætlanir / úrbótaáætlanir

# Lög- og reglugerðir

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum
- Aðrar helstu reglugerðir, ekki tæmandi listi:

  Nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO)

  Nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar

  Nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða

  Nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað

  Nr. 724/2008 reglugerð um hávaða

  Nr. 498/1994 um skjávinnu

# Tannlæknafélagið

- Tannlæknafélagið óskað eftir sniðmáti af áætlunum og gátlistum sem allar tannlæknastofur gætu nýtt sér.
- Auðveldar ykkur verkefnið, byrjið ekki á núlli og tryggir samræmi milli tannlæknastofa
- Samvinnuverkefni á stofunum
- Ef það eru margir rekstraraðilar á einni stofu
  - Sameiginleg áhætta fyrir stofuna
  - Skýrt fyrir hverja áætlunin og áhættumatið nær yfir
  - Skýr ábyrgð og hlutverk

# Tannlæknafélagið

- Samanstendur af:
    - Sniðmáti fyrir áætlun
    - Sniðmáti fyrir áhættumat
    - Sniðmáti fyrir efnaáhættumat
    - Leiðbeiningar

# Öryggisnefnd

Samsetning og stærð öryggisnefndar skal endurspegla stærð fyrirtækisins og tryggja að bæði atvinnurekandi og starfsmenn hafi virka aðkomu að öryggis- og heilbrigðismálum.

- Ef fyrirtæki er með færri en 10 starfsmenn
  - Atvinnurekandi skipar öryggisvörð sem hefur eftirlit með öryggismálum og þjónar sem tengiliður starfsmanna og stjórnenda.
- Fyrirtæki með 10–49 starfsmenn
  - Öryggisnefnd samanstendur af öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði, sem starfa saman að öryggis- og heilbrigðismálum. Starfsfólk kýs öryggistrúnaðarmann fyrir hönd starfsfólk, en atvinnurekandi skipar öryggisvörð. Fjöldi nefndarmanna getur verið meiri ef starfsemi er umfangsmikil eða ef mörg starfsstöð eru rekin.

# Öryggistrúnaðarmenn, öryggisverðir og öryggisnefnd - Hlutverk og ábyrgð

- Ólíkar kröfur eftir stærð vinnustaðar
- Vinna að **bættu öryggi og vinnuverndarmenningu** á vinnustaðnum
- Taka til umfjöllunar og fræða um mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum, eftirlitsskoðanir
- Taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað
- Hafa yfirsýn yfir starfsemina, fylgjast úrbótum og árangri þeirra
- Funda a.m.k. 4x á ári

# Öryggisnefndarfundir

Skal funda að lágmarki 4 sinnum á ári. Á fundum er t.d. farið yfir:

- Stöðuna á úrbótaverkefnum skv. ÖH áætlun.
- Yfirlit yfir yfirstandandi/ný mál, atvik, breytingar á vinnustað og tillögur starfsfólks.
- Metin þörfin á uppfærslu áhættumats.
- Staða og þörf á fræðslu og þjálfun starfsfólks.
- Staða búnaðar, vinnuaðstöðu, öryggisbúnaðar, o.s.frv. Hafa verið gerðar einhverjar breytingar?
- Ákveða tímasetningu næsta fundar.

# Fimm meginstoðir: Vinnuverndarhringurinn

- Umhverfisþættir
- Hreyfi- og stoðkerfi
- Félagslegt vinnuumhverfi
- Vélar og tæki
- Efni og notkun



# Kaflarnir í áhættumati Tannlæknastofa

- Vinnuverndarstarfið – Skipulag
- Fræðsla, þjálfun, menntun
- Starfsfólk
- Vinnu- og starfsmannarými
- Húsnæði, aðgengi
- Umhverfisþættir - lýsing, hávaði, inniloft
- Sóttmengaður úrgangur
- Líffræðilegir skaðvaldar
- Efni
- Geislahætta
- Líkamsbeiting
- Félagslegt vinnuumhverfi
- Vélar og tæki
- Neyðarráðstafanir og viðbragðsáætlun

| Vinnuverndarstarfið skipulag |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Öryggistrúnaðarmaður (ÖT) |
| Hefur hann/ þeir setið ÖT/ÖV námskeið? |
| Öryggisvörður (ÖV) |
| Hefur hann/ þeir setið ÖT/ÖV námskeið? |
| Öryggisnefnd (ÖN) |
| Hefur starfsfólk fengið kynningu um ÖN og hlutverk hennar? |
| Fundar ÖN reglulega? |
| Er til skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði? |
| Er til áhættumat fyrir öll vinnusvæði? |
| Er unnið markvisst að úrbótum samkvæmt áhættumati? |
| Er ábyrgð úrbóta skilgreind? |
| Er skilgreind eftirfylgni á úrbótum? |
| Eru niðurstöður áhættumats innleiddar í verkferla? |
| Er til stefna og aðgerðaráætlun vegna eineltis, kynferðislegs áreitis, kynbundis áreitis og ofbeldi (EKKO)? |
| Hefur EKKO stefnan verið kynnt fyrir starfsfólki? |
| Ef stefnan til á tungumálum sem allt starfsfólk hefur góðan skilning á? |

| Fræðsla , þjálfun, menntun |
|---|
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Fær nýráðið starfsfólk skipulagða fræðslu um vinnuverndarmál (nýliðafræðsla)? |
| Er nýliðafræðslan á tungumálum sem allt starfsfólk hefur góðan skilning á? |
| **Er kennd vinnuvernd:** |
| Þegar starfsfólk flyst yfir í annað verkefni/vinnustöð? |
| Þegar nýr búnaður er tekinn í notkun? |
| Þegar ný tæki eru tekin í notkun? |
| Þegar ný efni er tekin í notkun? |
| Þegar vinnuferlum er breytt, nýir ferlar teknir í notkun? |
| Fer þessi fræðsla fram á tungumálum sem allt starfsfólk hefur góðan skilning á? |
| Er skipulögð endurmenntun / símenntun  hjá vinnustaðnum? |

| Starfsfólk |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| **Ungt starfsfólk:** |
| Eru aldurstakmörk fyrir hversu ungt starfsfólk má vera á vinnustaðnum? |
| Fær ungt starfsfólk verkefni við hæfi - líkamlega, andlega og félagslega? |
| **Þungaðar konur:** |
| Fá þungaðar konur verkefni við hæfi? |
| Hefur verið gert áhættumat fyrir þungaðar konur? |
| Er gert ráð fyrir hvíldaraðstöðu fyrir þungaðar konur/konur með börn á brjósti? |
| Er gert ráð fyrir sveigjanleika fyrir þungaðar konur/konur með börn á brjósti? |
| **Vinnuslysa- og atvikaskráning:** |
| Eru vinnuslys og atvik skráð? |
| Er kynnt fyrir starfsfólki hvernig eigi að skrá slys/atvik? |
| Er unnið að því að fækka slysum og atvikum á vinnustaðnum? |
| Eru slys og/eða atvik rýnd til að koma í veg fyrir fleiri slík? |
| Er fyrirtækið þátttakandi í verkefnum líkt og Heilsueflandi vinnustaðir, hjólað í vinnuna? |
| **Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu** |
| Eru óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu skráð? |
| Er yfirlit óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu send til embætti landlæknis 2x á ári? |
| Eru óvænt atvik rýnd til að koma í veg fyrir fleiri slík? |

| Vinnu- og starfsmannarými |
|---|
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Hentar húsnæði vinnustaðarins núverandi starfsemi? |
| Er stærð vinnurýma/herbergja nægileg? |
| Eru skilgreind brunahólf á vinnustaðnum? |
| Eru allar gönguleiðir greiðar? |
| Valda gólf á vinnustaðnum slysahættu? |
| Eru mottur á gólfum (þar sem fólk þarf að standa við vinnu sína)? |
| **Starfsmannarými:** |
| Er hvíldarrými starfsfólks (kaffistofa) hæfileg miðað við fjölda starfsfólks? |
| Er hvíldarherbergi til staðar fyrir starfsfólk? (kaffistofa) |
| Eru læstar hirslur fyrir persónulega hluti starfsfólks, fataskápar eða munageymslur? |
| **Ræstiaðstaða:** |
| Er aðgengi gott að ræstiaðstöðu? |
| Eru ræstivagnar notaðir? |
| Er auðvelt aðgengi að vatni og skolvaski í ræstiaðstöðu? |
| Eru áhöld fyrir þrif hentug? |

| Umhverfisþættir - lýsing, hávaði, inniloft |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Er almenn lýsing góð? |
| Er hávaði vandamál á vinnustaðnum? |
| Er loftræsting góð í öllum vinnurýmum? |
| Er dragsúgur? |
| Er hávaði frá loftræstikerfi? |
| Fær loftræstikerfið reglubundið viðhald? |
| Er til þjónustubók fyrir loftræstikerfið? |
| Eru reykingar bannaðar á vinnustaðnum? |
| Eru þrif nægjanleg í öllum vinnurýmum? |
| Er umgengni góð í öllum vinnurýmum? |

| Sóttmengaður úrgangur |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Eru til staðar verkferlar um örugga meðferð sóttmengaðs úrgangs? |
| Eru verkferlar skriflegir og aðgengilegir fyrir allt starfsfólk? |
| Eru viðeigandi ílát til staðar fyrir sóttmengaðan úrgang og á viðeigandi stöðum? |
| Er tíðni tæminga á sóttmenguðum úrgangi með ásættanlegum hætti? |

| Líffræðilegir skaðvaldar |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Er aðstaða til þess að borða og drekka aðskilin frá stöðum þar sem hætta er á líffræðilegum skaðvöldum? |
| Eru til staðar fullnægjandi hreinsunar- og þrifferlar sem draga úr smithættu? |
| Eru hreinsunar- og þrifferlar skriflegir og aðgengilegir fyrir viðeigandi starfsfólk? |
| Eru viðeigandi persónhlífar tiltækar sem hæfa útsetningu á smitum? |
| Er til staðar verkferill fyrir meðhöndlun beittra áhalda? |
| Er til staðar viðbragðsáætlun við stungu? |
| Er starfsmönnum boðið upp á bólusetningar, t.d. gegn lifrarbólgu B? |
| Eru bólusetningar starfsmanna skráðar? |
| Er hreinlætisaðstaða fullnægjandi fyrir starfsfólk? |

| **Efni** |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Er búið að gera áhættumat vegna efnanotkunar? |
| Taka verklagsreglur á öruggri meðferð efna? |
| Eru verklagsreglur um meðferð efna sýnilegar fyrir starfsfólk? |
| Eru til viðeigandi persónuhlífar ef þörf er á? |
| Eru til öryggisblöð fyrir efnin og þau aðgengileg starfsfólki? |

| **Geislahætta** |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Eru gerðar ráðstafanir varðandi geislun? |
| Er geislunarsvæði skýrt? |
| Eru viðeigandi persónuhlífar notaðar? |
| Eru ráðstafanir varðandi geislun skýrar og aðgengilegar fyrir starfsfólki? |

| Líkamsbeiting |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| Krefst vinnan þess að verið sé að lyfta og/eða bera hluti/fólk? |
| Er starfsfólk að vinna í óheppilegum líkamsstöðum? |
| Er starfsfólk að krjúpa við vinnu sína? |
| Krefst vinnan þess að verið sé að ýta eða draga hluti? |
| Fær starfsfólk leiðbeiningar/kennslu í líkamsbeitingu við vinnu sína? |
| Hefur þjálfunin farið fram á  tungumálum sem starfsfólk hefur góðan skilning á? |
| Hefur starfsfólk tök á að skipta oft um líkamstöðu við störf sín? |
| Er gefin kostur á pásum á milli verkefna? |
| Er mönnun nægjanleg? |
| Eru léttitæki til staðar á vinnustaðnum til að handleika þungar birgðar? |

| Félagslegt vinnuumhverfi |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| **Vinnutími:** |
| Kallar starfið á ófyrirséða yfirvinnu? |
| Er mannekla? |
| **Upplýsingamiðlun:** |
| Fær starfsfólk nauðsynlegar upplýsingar um vinnustaðinn, verkefnin, stefnur, breytingar o |
| Eru samskiptaleiðir skilgreindar/hentugar mv. samsetningu starfshópsins? |
| Eru samskiptaleiðir skýrar? |
| Eru reglubundnir starfsmannafundir og eða hvaða leiðir eru notuð til að ná til allra? |
| Tekur starfsfólk þátt í ákvörðunum sem teknar eru um starfsemina? |
| Veit starfsfólk hvert það á að leita ef eitthvað kemur upp á? |
| **Líðan:** |
| Eru störfin fjölbreytileg? |
| Krefjast verkefni stöðugrar athygli? |
| Er mikil einvera við vinnu? |
| Finnur starfsfólk fyrir faglegri einangrun? |
| Finnur starfsfólk fyrir félagslegri einangrun? |

**Stuðningur:**

Fær starfsfólk stuðning frá yfirmönnum?

Fær starfsfólk stuðning frá samstarfsfólki?

Hefur starfsfólk möguleika á því að hafa áhrif á skipulag vinnu sinnar?

**Hvatning:**

Fær starfsfólk hvatningu í starfi?

Eru starfsmannasamtöl reglulega?

**Samskipti:**

Eru samskipti á milli starfsfólks góð?

Eru samskipti á milli starfsfólks og stjórnenda góð?

Eru samskipti á milli stjórnenda góð?

Eru samskiptavandamál á vinnustaðnum?

Er leitast við að skapa andrúmsloft umburðarlyndis og gagnkvæmrar virðingar á vinnustaðnum?

**Viðbragð:**

Er til viðbragðsáætlun vegna ógnandi hegðunar viðskiptavina?

Fær starfsfólk þjálfun í að bregðast við ógnandi hegðun?

Fara tveir saman ef að aðstæður eru erfiðar/ógnandi?

Fær starfsfólk stuðning/handleiðslu við að takast á við tilfinningar sínar í kjölfar ógnandi hegðunar?

| Vélar og tæki |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| **Autoklavi** |
| Er autoklavi í þægilegri vinnuhæð? |
| Er viðeigandi hlífðarbúnaður til staðar? |
| Eru til leiðbeiningar með autoklavanum um öryggi, þrif og eftirlit? |
| **Þrýstihylki (Súrefniskútar/glaðloft):** |
| Er þrýstihylkið í öryggisfestingu? |
| Eru þrýstihylki geymd á öruggum stað, fjarri mögulegum neistagjöfum? |
| **Tannlæknastóllinn** |
| Er tannlæknastóllinn í góðu ástandi og reglulega viðhaldið? |
| Er til staðar viðhaldsskrá eða þjónustusamningur við framleiðanda eða viðgerðaþjónustu? |
| Er allt starfsfólk kunnugt um notkunarleiðbeiningar og öryggisleiðbeiningar stólsins? |
| Er tryggt að stóllinn sé yfirfarinn og prófaður eftir að hann hefur verið færður um staðsetnin |
| Er rafmagnstengi stólsins öruggt og í samræmi við staðla? |
| Er hægt að stilla hæð og hallann á stólnum til að tryggja góða vinnustöðu? |

| |
|---|
| **Lúpur** |
| Eru lúpur CE-merktar eða með sambærilegri vottun? |
| Er viðhald og regluleg skoðun á lúpum tryggð? |
| Eru lúpur hreinsaðar reglulega í samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda? |
| Eru lúpur rétt stillar til að viðhalda góðri líkamsstöðu við vinnu? |
| Er hætta á sjónþreytu eða augnverk vegna langvarandi vinnu með lúpur? |
| **Önnur hlaðanleg raftæki** |
| Eru raftæki CE-merkt? |
| Eru snúrur og búnaður sem tengist hleðslu tækja heill? |
| **Eldvarinn hleðslukassi** |
| Eru öll endurhlaðanleg tæki hlaðin í eldvörðum hleðslukassa? |
| Er hleðslukassinn úr vottuðu efni með eldvörn? |
| Eru reglur um hámarkstíma eða hámarksfjölda tækja í hleðslu? |

| |
|---|
| **Röntgentæki** |
| Hefur verið framkvæmt reglulegt eftirlit eða prófanir á tækinu? |
| Er röntgentækið í samræmi við vottanir, reglugerðir og kröfur um heilbrigðistæki? |
| Er til viðhaldsskrá eða þjónustusamningur við framleiðanda eða viðgerðarþjónustu? |
| **Annað:** |
| Eru aðrar vélar eða tæki sem þarf að áhættumeta? |

| Neyðarráðstafanir og viðbragðsáætlun |
| --- |
| **Er eftirfarandi til staðar í fyrirtækinu?** |
| **Er allur slökkvibúnaður til staðar:** |
| Er til neyðaráætlun vegna bruna? |
| Er neyðaráætlunin til á tungumálum sem starfsfólk hefur góðan skilning á? |
| Hefur neyðaráætlunin verið kynnt fyrir starfsfólki? |
| Er fjöldi slökkvitækja nægjanlegur? |
| Er staðsetning slökkvitækja góð? |
| Eru merkingar slökkvitækja sýnilegar? |
| Eru slökkvitækin af réttri gerð m.v. tegund brunahættna? |
| Fá slökkvitækin reglulegt viðhald? |
| Er skilgreint og merkt söfnunarsvæði utandyra? |
| Veit starfsfólk af söfnunarsvæðum utandyra? |
| Er neyðarlýsing í lagi? |
| Hafa verið haldnar æfingar í viðbragði við bruna og brottflutning? |
| **Skyndihjálparbúnaður:** |
| Er skyndihjálpabúnaður til staðar? |
| Er skyndihjálparbúnaðar fullnægjandi? |
| Er skráningarblað um notkun búnaðar og tegund atvika í skyndihjálpartösku/búnaði? |
| Hefur starfsfólk fengið fræðslu og upplýsingar um skyndihjálparbúnaðinn og skráningu atvika? |
| Eru reglulega haldin skyndihjálparnámskeið á vinnustaðnum? |
| Eru skyndihjálparnámskeið haldin á tungumálum sem allt starfsfólk hefur góðan skilning á? |

# Efnaáhættumat

# Efnaáhættumat (1/2)

- Skrásetja hvaða efni eru í húsi, hvar þau er að finna og til hvers þau eru notuð.
- Finna öryggisblöð (SDS) efnanna.
- Skrásetja:
  - Hættusetningar HXXX (kafli 2 í SDS)
  - Fyrsta hjálp (kafli 4 í SDS)
  - Geymsluaðstæður  (kafli 7 í SDS)
  - Persónuhlífar / Hlífðarbúnaður (kafli 8 í SDS)
  - Þungaðar konur – kanna hvort hættusetningar H360-H362. séu til staðar.
  - Förgun efna (kafli 13 í SDS)

# Efnaáhættumat (2/2)

- Leggja mat á áhættu útfrá hættusetningum (sjá næstu glæru)
- Kanna með ósamrýmanleika við önnur efni
- Meta þörf á úrbótum
    - Horfa til áhættunnar og þeirra aðstæðna sem eru í vinnurýminu. Er efnið geymt á viðeigandi hátt? Er verið að nota rétta tegund af persónuhlífum? O.s.frv.
    - Þarf að taka tillit til ófrískra kvenna? Ungs starfsfólks?
- Úthluta úrbótaverkefni til ábyrgðaraðila og hvenær stefnt er á að verkefni verði lokið.

# Hættusetningar efna – Há áhætta

| **Há áhætta** | H200–H203 | Sprengihætta (óstöðugt, sprengifimt efni) |
|---|---|---|
| | H220, H222 | Mjög eldfimt gas/aerosol |
| | H224 | Mjög eldfimur vökvi og gufa (auðkveikjanlegt) |
| | H240, H241 | Getur sprungið við hita / veldur sprengingu við hiti |
| | H250, H251 | Sjálfhitnandi efni, getur kviknað sjálfkrafa |
| | H260, H261 | Í snertingu við vatn losnar eldfimt gas |
| | H270, H271 | Getur valdið eða viðheldur eldi / veldur eldi eða sprengingu (oxandi) |
| | H280 | Inniheldur gas undir þrýstingi (sprengihætta við hita) |
| | H300, H310, H330 | Banvænt við inntöku, snertingu eða innöndun |
| | H340, H350, H360 | Getur valdið erfðabreytingum, krabbameini eða skaðað frjósemi/fóstur |
| | H362 | Getur skaðað ungbörn með brjóstamjólk |
| | H370, H372 | Veldur líffæraskemmdum (einstök eða endurtekin útsetning) |
| | H400, H410 | Mjög eitrað fyrir vatnalífverur, með langvarandi áhrifum |

# Hættusetningar efna – Miðlungs áhætta

| **Miðlungs áhætta** | H204–H207 | Eldfimt fast efni, sprengihætta við högg/hita |
|---|---|---|
| | H221, H223 | Eldfim gas/aerosol |
| | H225, H226, H228 | Eldfimur vökvi/gufa eða fast efni |
| | H241, H242 | Getur valdið sprengingu við hiti / veldur eldhættu |
| | H270–H272 | Oxandi efni (eldhætta) |
| | H301, H311, H331 | Eitrað við inntöku, snertingu eða innöndun |
| | H302, H312, H332 | Skaðlegt við inntöku, snertingu eða innöndun |
| | H314, H318 | Veldur alvarlegum húðbruna eða augnskaða |
| | H315, H319 | Veldur húðertingu eða augnertingu (meira en vægt) |
| | H335, H336 | Getur valdið öndunarertingu, syfju eða svima |
| | H373 | Getur valdið líffæraskemmdum við endurtekna útsetningu (ekki eins alvarlegt og H372) |
| | H411, H412 | Eitrað eða skaðlegt fyrir vatnalífverur (langvarandi áhrif) |

# Hættusetningar efna – Lág áhætta

| **Lág áhætta** | H229 | Ílát undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun |
|---|---|---|
| | H303, H313, H333 | Getur verið skaðlegt við inntöku, snertingu eða innöndun |
| | H316, H320 | Veldur vægri húðertingu eða augnertingu |
| | H317 | Getur valdið húðofnæmi |
| | H334 | Getur valdið ofnæmi við innöndun (sjaldnar alvarlegt nema langvarandi) |
| | H401–H413 | Skaðlegt fyrir vatnalífverur (styttri eða vægari áhrif) |
| | H420 | Skaðleg áhrif á heilsu manna vegna áhrifanna á ósonlagið |

# Áætlun um öryggi og heilbrigði

# Áætlun um öryggi og heilbrigði

- Skrifleg áætlun -> vinnuverndarstarfið markvissara
- Markar stefnu vinnustaðarins varðandi  aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum
- Markmiðið er að stuðla að öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks.
- Yfirlit yfir áhættu- og álagsþætti á vinnustaðnum og forvarnir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu vegna vinnuaðstæðna
- Á að vera innleidd í daglegan rekstur - vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur í starfseminni.

# Áætlunin skal að lágmarki fela í sér:




- Áhættumat – greining og mat áhættuþátta
- Forvarnaáætlun / útbótaáætlun
- Sértækar áætlanir:
  - Stefna og viðbragðsáætlun EKKO mála
  - Neyðaráætlun
- Eftirfylgni úrbóta og endurskoðun áætlunar
- Tímaáætlun og ábyrgðaraðila á einstök verkefni og þætti vinnuverndarstarfsins

# Neyðaráætlanir

# Sértækar áætlanir

- Markmið þeirra er að skapa skýra stefnu og verkferla sem stuðla að öryggi og velferð starfsfólks, auk þess að tryggja samræmd og skilvirk viðbrögð við óvæntum og/eða erfiðum aðstæðum.
- Sértækar áætlun eru aðrar áætlanir en áætlun um öryggi og heilsu sem áætlað er að stuðla að góðu og öruggu vinnuumhverfi. Misjafnt er hvaða áætlanir vinnustaðir eru með, en mælt er með að vera a.m.k. með stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldi og neyðaráætlun viðbragðs.

# Neyðaráætlun viðbragðs

- Inniheldur leiðbeiningar um framkvæmd skyndihjálpar, viðbrögð við eldsvoða, rýmingu, brottflutning starfsfólks og samskipti við viðbragðsaðila.
- Markmið áætlunarinnar er að tryggja að starfsfólk þekki helstu ferla, neyðarútganga og hlutverk sitt í neyð, sem eykur öryggi og dregur úr líkum á slysum og meiðslum.
- Þá skulu koma fram upplýsingar um skyndihjálparnámskeið, rýmingaræfingar og aðra þjálfun starfsfólks.

# Þá er hringnum lokað

- Búið er að fara yfir helstu þætti vinnuverndarstarfsins og áætlunar um um öryggi og heilbrigði
  - Áhættumat – greining og mat áhættuþátta
  - Forvarnaáætlun / útbótaáætlun
    - Sértækar áætlanir:
      - Stefna og viðbragðsáætlun EKKO mála
      - Neyðaráætlun
  - Eftirfylgni úrbóta og endurskoðun áætlunar
  - Tímaáætlun og ábyrgðaraðila á einstök verkefni og þætti vinnuverndarstarfsins



# Takk fyrir!

maria@oruggverk.is